


**OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM KONUM  
OG HVERNIG ÞEIM GEKK AÐ FÁ HJÁLP  
STUTT SKÝRSLA Á AUÐLESNU MÁLI**



Styrkt af Daphne III áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins



Niðurstöður úr rannsókninni og efni henni tengt er að finna á vefsíðu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum:

<http://fotlunarfraedi.hi.is/>

Einnig má finna niðurstöður verkefnisins í heild á ensku á vefsíðu þess:

<http://women-disabilities-violence.humanrights.at/publications>

Sérstakar þakkir fá konurnar sem tóku þátt í rannsókninni og ráðgjafarhópur rannsóknarinnar: Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Helga Baldvins- og Bjargardóttir, Jarþrúður Þórhallsdóttir, Þorbera Fjölvisdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

Prentun: Háskólaprent

Hönnun: Snæfríð Þorsteins

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands ber ábyrgð á bæklingnum. Efni hans endurspeglar ekki afstöðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

SKÝRSLA UM RANNSÓKN  
Á OFBELDI GEGN  
FÖTLUÐUM KONUM  
OG HVERNIG ÞEIM  
GEKK AÐ FÁ HJÁLP

HÖFUNDAR: HRAFNHILDUR SNÆFRÍÐAR- OG GUNNARSDÓTTIR,

JARÞRÚÐUR ÞÓHALLSDÓTTIR OG RANNVEIG TRAUSTADÓTTIR



# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
SVONA VAR RANNSÓKNIN GERÐ	5
ÞAÐ SEM FATLAÐAR KONUR SÖGÐU Í RANNSÓKNINNI	7
REYNSLA FATLAÐRA KVENNA AF OFBELDI	7
HVERJIR BEITTU KONURNAR OFBELDI?	7
OFBELDI SEM KONURNAR URÐU FYRIR	8
ÞAÐ SEM HJÁLPAÐI KONUNUM	10
ÞAÐ SEM KONUNUM FANNST UM HJÁLPINA SEM FATLAÐAR KONUR GETA FENGID	12
ÞAÐ SEM STOPPAÐI KONURNAR Í AÐ FÁ HJÁLP	13
MIKILVÆGT AÐ FATLAÐAR KONUR FÁI MEIRA VALD	13
ÞAÐ SEM RÁÐGJAFAR OG STUÐNINGS-FÓLKS SAGÐI Í RANNSÓKNINNI	14
ÞAÐ SEM RÁÐGJAFAR SÖGÐU UM STUÐNING TIL FATLAÐRA KVENNA SEM HAFU ORÐID FYRIR OFBELDI	14
AÐ VINNA SAMAN AÐ ÞVÍ AÐ HJÁLPA	15
ÁSTÆÐURNAR FYRIR ÞVÍ AÐ STUÐNINGUR TIL FATLAÐRA KVENNA ER EKKI NÓGU GÓÐUR	16
Í LOKIN	17
NOKKRIR MIKILVÆGIR PUNKTAR ÚR RANNSÓKNINNI	20

# INNGANGUR

Í þessari skýrslu er sagt frá því sem kom út úr rannsókn sem fjallar um ofbeldi gegn fötluðum konum og hvernig þeim gekk að fá hjálp. Rannsóknasetur í fötlunar-fræðum við Háskóla Íslands gerði rannsóknina og vann með öðrum háskólum og rannsóknar-stofnunum í Austurríki, Bretlandi og Þýskalandi. Rannsóknin var gerð fyrir peninga frá Evrópu-sambandinu í gegnum Daphne III áætlunina.

Þessi rannsókn var gerð til þess að fá upplýsingar um ofbeldi gegn fötluðum konum og til að athuga hvort fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi fái góðan stuðning. Við vildum líka vita hversu auðvelt fötluðum konum fannst að fá hjálp eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi.

Þeir sem gerðu rannsóknina voru sammála um að fatlaðar konur eru sérfræðingar í sínu eigin lífi og reynslu. Fatlaðar konur tóku mikinn þátt í rannsókninni. Þær voru sjálfar rannsækendur og ráðgjafar við rannsóknina. Þær voru líka spurðar um hvað þeim fannst um ofbeldi gegn fötluðum konum.

Hægt er að finna meiri upplýsingar um rannsóknina á ensku á heimasíðu verkefnisins: <http://women-disabilities-violence.humanrights.at/?q=publications>. Það er líka á íslensku á vefsíðu Rannsóknaseturs í fötlunar-fræðum, <http://fotlunarfraedi.hi.is/>

# SVONA VAR RANNSÓKNIN GERÐ

Rannsóknin var gerð til að fá upplýsingar um ofbeldi gegn fötluðum konum og hvernig þeim hafði gengið að fá góða hjálp:

- Þeir sem gerðu rannsóknina skoðuðu lög og reglur sem eiga að vernda fatlað fólk fyrir ofbeldi.
- 4-6 fatlaðar konur hittust í nokkrum umræðuhópum og töluðu um ofbeldi gegn fötluðum konum. Það sem þær sögðu var skrifað niður.
- Það var talað við fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi.
- Það var talað við fólk sem vinnur á stöðum sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi.
- Það var líka talað við fólk sem hefur hjálpað fötluðum konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi.
- Það voru sendir spurningalistar til samtaka og stofnana sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi og starfsfólkið þar beðið um að svara.

# ÞAÐ SEM FATLAÐAR KONUR SÖGÐU Í RANNSÓKNINNI

## REYNSLA FATLAÐRA KVENNA AF OFBELDI

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni höfðu orðið fyrir ofbeldi þegar þær voru börn. Líka þegar þær voru unglingar og þegar þær voru orðnar fullorðnar. Ofbeldið var stundum andlegt, stundum líkamlegt, stundum kynferðislegt og stundum urðu þær fyrir ofbeldi frá fólki í þjónustu-kerfinu.

Ein kona sagði þetta:

„... það er enginn slíkur staður að ofbeldi geti ekki átt sér þar stað.“

Margar konur höfðu orðið fyrir ofbeldi á heimilinu sínu. Þá var það oftast kærasti þeirra eða maki sem beitti þær ofbeldi. Konur sem áttu heima á stofnunum, sambýlum eða öðrum stöðum þar sem fatlað fólk bjó í sama húsi sögðu líka frá ofbeldi. Margar voru beittar miklu vald. Þær voru þvingaðar til að gera hluti sem þær vildu ekki og fengu ekki að ráða á heimilum sínum.

Mikið fatlaðar konur urðu oftast fyrir ofbeldi en minna fatlaðar konur. Þær voru oftast einangraðar og áttu erfitt með að verja sig.



## HVERJIR BEITTU KONURNAR OFBELDI?

Þeir sem beittu konurnar ofbeldi þegar þær voru börn og unglingar voru oftast feður þeirra og stundum mæður. Stundum voru það bræður þeirra, frændur, afar, ömmur, stjúpar, stjúpur eða vinir fjölskyldunnar. Stundum voru það kennarar eða nágrannar eða þeir sem voru að passa eða aðstoða þær. Stundum voru það bílstjórar eða þeir sem veittu meðferð, til dæmis lækna og fleiri.

Þegar konurnar voru orðnar fullorðnar var það oftast fólkið sem þær bjuggu með og makar þeirra sem beittu þær ofbeldi og stundum feður þeirra. Þegar konurnar urðu fyrir ofbeldi inni á stofnunum eða í þjónustu-kerfinu var það oftast starfsfólkið sem beitti ofbeldi eða aðrir sem voru að fá þjónustu. Stundum voru það líka bílstjórar, lækna eða aðrir sem veittu meðferð.

## OFBELDI SEM KONURNAR URÐU FYRIR

**ANDLEGT OFBELDI:** Konur í öllum löndunum höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi. Þær lýstu því hvernig ofbeldið var. Sumar urðu fyrir andlegu ofbeldi á heimili sínu frá fólki sem aðstoðaði þær eða frá maka. Margar konur höfðu fundið fyrir fordómum og því að það var komið illa fram við þær. Stundum var gert lítið úr þeim, þær voru niðurlægðar og þeim hótáð. Sumar konurnar voru lagðar í einelti þar sem þær voru í vinnu, þær voru áreittar og þær voru hræddar. Margar höfðu líka orðið fyrir einelti þegar þær voru börn. Það voru sérstaklega konur með þroskahömlun

og heyrnarlausar konur og blindar konur. Eineltið var í skólanum eða á heimilum sem þær voru stundum á þegar þær voru börn.

**LÍKAMLEGT OFBELDI:** Konurnar höfðu oft orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Þær voru lamdar, það var sparkað í þær og það var hrækt á þær. Stundum var ofbeldið lífshættulegt, þá hafði til dæmis verið tekið svo fast um hálsinn á þeim að þær voru nálægt því að deyja. Stundum hafði eitthvað verið sett fyrir andlitið á þeim svo þær gátu ekki andað. Stundum var konunum neitað um nauðsynlega aðstoð. Þær voru líka neyddar til að fara í aðgerðir sem þær vildu ekki fara í. Til dæmis ófrjósemis-aðgerðir, svo þær gætu ekki átt börn og líka fóstureyðingu, til að eyða fósttri.

**KYNFERÐISLEGT OFBELDI:** Kynferðislegt ofbeldi var algengasta ofbeldið sem konurnar urðu fyrir. Það var sérstaklega algengt þegar þær voru börn og unglingar. Sumar höfðu verið misnotaðar og áreittar kynferðislega og þeim nauðgað. Stundum þurftu þær að þola kynferðislegt ofbeldi í mörg ár. Konunum fannst að ófatlað fólk tæki ofbeldið gegn þeim ekki alvarlega vegna þess að því fyndist fatlaðar konur vera „kynlausar“ manneskjur. Konunum fannst mikilvægt að fræða fatlaðar stúlkur betur um kynlíf. Þegar fatlaðar konur eru beðnar um að gera eitthvað sem þær vilja ekki, er oft erfitt fyrir þær að segja „nei“. Það þarf að kenna þeim að það er í lagi að stoppa þegar þær vilja ekki gera eitthvað.

**OFBELDI Í ÞJÓNUSTUNNI:** Margar konur höfðu orðið fyrir ofbeldi í þjónustu-kerfinu. Ofbeldið var ýmiskonar. Sumar konur sem áttu heima á stofnunum og á öðrum stöðum þar sem fleira fatlað fólk bjó saman höfðu orðið fyrir ofbeldi frá starfsfólki. Stundum fengu þær ekki að eiga sitt einkalíf í friði eða fengu ekki þá aðstoð sem þær þurftu. Þær fengu ekki að ráða í sínu lífi og voru niðurlægðar og látnar gera hluti sem þær vildu ekki. Starfsfólkið og aðrir sem aðstoðuðu þær beittu þær valdi og réðu yfir þeim. Margar konur sem áttu heima á stofnunum höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og verið misnotaðar.

**ALLS KONAR ÞVINGANIR:** Það er alvarlegt brot þegar kona er neydd til að giftast einhverjum sem hún vill ekki giftast. Það var algengt í Englandi en konurnar í hinum löndunum sögðu ekki frá svoleiðis broti. Á Íslandi töluðu konurnar mikið um að aðrir vildu stjórna þeim og segja þeim hvað væri best fyrir þær. Þær töluðu líka um að fatlaðar konur væru beittar valdi þegar þær væru sviftar sjálfsforræði. Stundum fengu konurnar ekki að taka mikilvægar ákvarðanir um líf sitt og því brotið á rétti þeirra til að ráða í eigin lífi. Konur sem þurftu að fá peninga frá öðrum til dæmis sambýlismanni eða stofnun höfðu oft mjög lítil völd í eigin lífi.

# ÞAÐ SEM HJÁLPAÐI KONUNUM

Það sem hjálpaði konunum mest var að eiga öruggt heimili og fá góða aðstoð við það sem þær þurftu að gera á hverjum degi. Þeim fannst þetta þrennt mikilvægast:

- 1) Að það væri einhver manneskja nálægt þeim sem þær gætu talað við og treyst.
- 2) Að fá góða aðstoð frá þjónustu-kerfinu.
- 3) Ýmislegt sem þær höfðu gert sem gaf þeim styrk og hjálpað þeim til að ná meira valdi yfir eigin lífi og líka til að verja sig fyrir ofbeldi.

Það verður sagt betur frá þessu hérna :

**AÐ TALA VIÐ EINHVERN OG TREYSTA.** Konunum fannst mikilvægast að geta haft samband við góðar manneskjur sem voru alltaf nálægt og studdu þær. Stundum var það einhver í fjölskyldunni. Stundum voru það frændur og vinir, kennarar, leiðbeinendur, læknar, félags-ráðgjafar, aðstoðarfólk, sálfræðingar og annað fagfólk. Með stuðningi þeirra lærðu þær að það væri í lagi að stoppa aðra þegar þeir voru farnir að gera eitthvað eða segja eitthvað við þær sem þeim fannst óþægilegt. Með því að tala við einhvern sem þær treystu gátu þær fundið út hvort þær hefðu verið beittar ofbeldi eða ekki. Þær lærðu líka að útskýra og segja frá því að þær hefðu verið misnotaðar og að biðja um hjálp. Sumar konur fengu ekki stuðning frá fjölskyldunni sinni. Það var mjög erfitt fyrir konurnar, sérstaklega þegar þær voru börn.

## **STUÐNINGUR FRÁ SAMTÖKUM EÐA STOFNUNUM.**

Í öllum löndunum voru til samtök sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi. Á Íslandi eru það til dæmis Stígamót, Aflið og Drekaslóð. Mörgum konum fannst mikilvægt að fá stuðning frá þessum stöðum. Margar konur höfðu fengið góðan stuðning. Það var samt ekki svoleiðis hjá öllum konunum. Í öllum löndunum voru konur sem höfðu ekki fengið nógu góðan stuðning frá þessum stuðnings-stöðum. Stundum var það vegna þess að það var erfitt að fá upplýsingar um hvar þessir staðir væru. Stundum var erfitt fyrir konurnar að komast á staðina. Það gat líka verið að ráðgjafar sem áttu að hjálpa konunum trúðu ekki því sem þær sögðu eða höfðu ekki nógu mikinn skilning til að geta hjálpað þeim. Mörgum konum fannst best að fá stuðning frá öðrum fötluðum konum. Til dæmis í umræðuhópum þar sem fatlaðar konur komu saman og töluðu um reynslu sína. Margar voru líka ánægðar með sjálfs-hjálparhópa og námskeið sem kenna konum að verja sjálfar sig.

Mjög fáar konur höfðu farið til lögreglu vegna ofbeldisins. Ef þær tilkynntu ofbeldið til lögreglu var þeim oft ekki trúað og fengu oft ekki nauðsynlega aðstoð til að leita réttar síns. Nokkrar konur höfðu samt fengið góða aðstoð hjá lögreglu, dómurum og öðrum.

## **ÝMISLEGT SEM KONUR GERÐU SEM GAF ÞEIM**

**STYRK.** Nokkrar konur losnuðu út úr ofbeldinu og urðu sterkar og öruggar. Það var mismunandi hvernig þær fóru að því. Sumum fannst það hjálpa að skrifa hugsanir sínar í dagbækur, fara á sjálf-styrkingar-námskeið eða fræðslu-námskeið. Aðrar urðu sterkari þegar þær fóru að gera eitthvað nýtt og fundu að það gerði þær glaðar og að þær væru góðar í því. Til dæmis að hugsa um dýr, fara í dansskóla eða jóga eða byrja í nýrri vinnu. Konur, sem höfðu verið beittar ofbeldi af þeim sem áttu að aðstoða þær, urðu sterkari og náðu meiri stjórn á lífi sínu þegar þær fengu meiri persónulega aðstoð sem þær stjórnðu sjálfar.

## **ÞAÐ SEM KONUNUM FANNST UM HJÁLPINA SEM FATLAÐAR KONUR GETA FENGIÐ**

Konurnar voru spurðar um hvað þeim fyndist um hjálpina sem fatlaðar konur fá þegar þær verða fyrir ofbeldi. Öllum konunum fannst vanta meiri stuðning. Þær sögðu að margar fatlaðar konur viti ekki að þær eigi rétt á að fá hjálp og að þær geti farið til samtaka sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi (eins og Stígamót, Aflið og Drekaslóð). Þær sögðu að það væri erfitt að fá upplýsingar um samtökin og hvort fatlaðar konur gætu fengið góðan stuðning þar. Stundum gætu stuðnings-staðir ekki hjálpað fötluðum konum nægilega vel. Stundum væru staðirnir

ekki aðgengilegir. Til dæmis væri stundum erfitt fyrir konur sem nota hjólastóla að komast inn. Oft gætu ráðgjafar ekki talað táknmál og þá gætu heyrnalausar konur ekki fengið hjálp. Þeim fannst líka að sumir ráðgjafar vissu ekki nógu mikið um lífið hjá fötluðum konum. Þess vegna gætu þeir ekki skilið fatlaðar konur og hjálpað nógu vel.

## **ÞAÐ SEM STOPPAÐI KONURNAR Í AÐ FÁ HJÁLP**

Það var margt sem gerði það erfitt fyrir konurnar að fá hjálp og losna út úr ofbeldinu:

- Margar konur voru beittar ofbeldi af þeim sem áttu að aðstoða þær. Þá var erfitt fyrir þær að segja frá ofbeldinu og fá hjálp. Sumar urðu hræddar um að missa aðstoðina eða þjónustuna ef þær segðu frá ofbeldinu.
- Stundum trúði fólk þeim ekki þegar þær sögðu frá ofbeldinu.
- Það var erfitt fyrir konurnar að fá góðar upplýsingar um hvernig þær gætu fengið hjálp.
- Stundum var erfitt fyrir konur að fá hjálp vegna þess að þær vantaði peninga.
- Konurnar vissu ekki að þær væru að upplifa ofbeldi. Fáar konur höfðu fengið fræðslu um ofbeldi og vissu ekki hvað væri kynferðisleg misnotkun.

## **ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ FATLAÐAR KONUR FÁI MEIRA VALD**

Konurnar sögðu að ofbeldið sem þær höfðu þurft að þola hafi oft verið vegna þess hvað þær réðu litlu og að aðrir stjórnðu þeim. Af því þær voru fatlaðar höfðu þær oft lítil völd og réðu oft litlu í eigin lífi. Konurnar töldu að að þeir sem höfðu beitt ofbeldinu hefðu oftast gert það vegna þess að þeim fannst þeir geta ráðið yfir fötluðu konunum og að þær gátu ekki varið sig vegna skerðingar sinnar. Þeim fannst mikilvægt að fatlaðar konur fengju betri stuðning til að geta tekið meiri þátt í samfélaginu og að þær ættu að fá að ráða sér sjálfar.

## **ÞAÐ SEM RÁÐGJAFAR OG STUÐNINGS-FÓLK SAGÐI Í RANNSÓKNINI**

Í þessum kafla er sagt frá því sem ráðgjafar og stuðningsfólk sagði. Þetta voru bæði ráðgjafar og stuðningsfólk sem vinnur við að hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi, eins og á Stígamótum, Aflinu og Drekaslóðum. Líka ráðgjafar og stuðningsfólk sem vinnur í þjónustu við fatlað fólk eins og réttinda-gæslu-menn og ráðgjafar í félagsþjónustu.



## **ÞAÐ SEM RÁÐGJAFAR SÖGÐU UM STUÐNING TIL FATLAÐRA KVENNA SEM HAFNA ORÐIÐ FYRIR OFBELDI**

Margir ráðgjafar sögðu að samtök sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi (eins og Stígamót, Aflið og Dreka-slóð) vanti meiri þekkingu til að geta veitt góðan stuðning til fatlaðra kvenna. Þeir sögðu að það væri oft sérstaklega erfitt fyrir heyrnalausar konur og konur með þroskahömlun að fá góðan stuðning. Oft kynni enginn að tala táknmál til að getað hjálpað heyrnalausum konum. Fáir notuðu til dæmis leiðbeininga-kerfi fyrir blindar konur og fáir notuðu ljós á dyrabjöllur fyrir heyrnarskertar konur. Sumir ráðgjafar vissu ekki hvernig hægt væri að gera þjónustuna betri fyrir fatlaðar konur. Margir töluðu um að það vantaði peninga til að breyta þjónustunni til að hún yrði betri fyrir fatlaðar konur.

Flestir ráðgjafar sögðu samt að þeim gengi betur nú en áður að styðja fatlaðar konur. Þau vildu breyta samtökunum þannig að fatlaðar konur fengju betri hjálp. Þeir sögðu líka að í dag væri meira af upplýsingum og ráðgjöf á auðskildu máli fyrir konur með þroskahömlun.

Nokkur samtök í Austurrík, í Englandi og Þýskalandi voru sérstaklega fyrir fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Stundum stýrðu fatlaðar konur sjálfar þessum samtökum. Þá var þjónustan oftast mjög góð fyrir fatlaðar konur og auðvelt fyrir þær að fá góðar upplýsingar um hjálpina.

## AÐ VINNA SAMAN AÐ ÞVÍ AÐ HJÁLPA

Margir ráðgjafarnir sem tóku þátt í rannsókninni höfðu unnið með fagfólki annars staðar til dæmis í heilsugæslu og félagsþjónustu við að hjálpa konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Mjög fáir höfðu þó unnið með samtökum fatlaðs fólks eða fötluðu fólki sem sjálft stjórnaði þjónustu. Þeim fannst mikilvægt að gera betur og vinna meira með samtökum fatlaðs fólks.

Það er vitað að ofbeldi gegn fötluðum konum er margs konar. Stundum tengist ofbeldið því að þær eru konur (eins og kynferðislegt ofbeldi) og stundum tengist það því að þær eru fatlaðar (eins og fordómar og ofbeldi í þjónustu). Samt voru fáir staðir sem gátu veitt fötluðum konum stuðning vegna alls þess ofbeldis sem þær höfðu orðið fyrir.

Sumum fannst að það væri best að samtök sem styðja fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi ætti bara að styðja fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir kynferðis-ofbeldi og heimilis-ofbeldi. Og þá ættu samtök fatlaðs fólks að styðja fatlaðar konur sem verða fyrir fordómum og ofbeldi í þjónustunni og þær sem verða fyrir ofbeldi vegna haturs á fötluðu fólki.

Aðrir voru ekki sammála þessu. Þeim fannst að samtök sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi ætti líka að hjálpa öllum fötluðum konum sem verða fyrir ofbeldi. Bæði þeim sem verða fyrir ofbeldi af því að þær eru konur og líka þeim sem verða fyrir ofbeldi af því að þær eru fatlaðar.

## ÁSTÆÐURNAR FYRIR ÞVÍ AÐ STUÐNINGUR TIL FATLAÐRA KVENNA ER EKKI NÓGU GÓÐUR

- Samtökin eiga ekki nógu mikla peninga til að laga þjónustuna: Margir ráðgjafar töluðu um að það vantaði peninga til að gera þjónustuna betri fyrir fatlaðar konur.
- Ráðgjafar þurfa að fá meiri fræðslu: Margir sögðu að það vantaði þekkingu á því hvernig væri hægt að gera þjónustuna betri fyrir fatlaðar konur.
- Fólk þekkir ekki ofbeldi gegn fötluðum konum: Mörgum fannst að það væri of lítið talað um ofbeldi gegn fötluðum konum í samfélaginu og að fólk væri feimið við að gera það. Þess vegna fengju margar fatlaðar konur ekki fræðslu eða upplýsingar um stuðning sem þær gætu fengið. Það er þess vegna mikilvægt að fræða alla í samfélaginu um að fatlaðar konur verða mjög oft fyrir ofbeldi og það getur verið margs konar ofbeldi.

# Í LOKIN

Í rannsókninni kom fram að fatlaðar konur verða oft fyrir miklu ofbeldi. Ofbeldið er margs konar og gerist á mörgum stöðum og stundum stendur það yfir í langan tíma. Ofbeldið sem fatlaðar konur verða fyrir tengist oft því að þær þurfa aðstoð við það sem þær þurfa að gera.

Konurnar í rannsókninni urðu oft fyrir ofbeldi frá þeim sem voru að aðstoða þær. Stundum var það einhver í fjölskyldunni eða starfsmaður frá þjónustu-kerfinu. Þeir vildu oft ráða yfir konunum og beittu þær stundum ofbeldi. Til dæmis með því að taka frá þeim hjálpar-tækin þeirra eða gefa þeim of mikið af lyfjum. Þegar þeir sem voru að aðstoða konurnar beittu þær ofbeldi var erfitt fyrir þær að segja frá ofbeldinu og biðja um hjálp. Þær voru hræddar um að missa aðstoðina ef þær segðu frá ofbeldinu.

Rannsóknin sýndi að kynferðislegt ofbeldi gegn fötluðum konum og stúlkum er algengt. Það er mikilvægt að fólk viti þetta og breyti þessu.

Margar af konunum sem tóku þátt í rannsókninni höfðu orðið fyrir miklu óréttlæti alla sína ævi. Þær höfðu verið þvingaðar til að gera hluti sem þær vildu ekki gera og höfðu ekki fengið aðstoð til að gera ýmislegt sem þær vildu gera. Þetta hafði minnkað baráttu-kraft þeirra og þeim fannst erfiðara að segja nei þegar þær urðu fyrir ofbeldi og óréttlæti. Þetta er alvarlegt og þarf að rannsaka betur.

Mikilvægt er að segja frá því að konurnar í rannsókninni voru sterkar konur sem vilja fá að búa í samfélagi sem hefur réttlæti fyrir alla. Þær vilja að það sé komið fram við fatlaðar konur eins og jafningja. Til að stöðva ofbeldi gegn fötluðum konum þarf að breyta því hvernig er talað og hugsað um þær. Þær þurfa meiri virðingu og betri stuðning sem hjálpar þeim að ráða í eigin lífi.

# TILLÖGUR TIL AÐ STOPPA OFBELDI OG HJÁLPA KONUM

Öll löndin sem tóku þátt í rannsókninni komu með tillögur um hvernig væri hægt að stoppa ofbeldi gegn fötluðum konum. Og líka hvernig væri hægt að gera auðveldara fyrir þær að fá góða hjálp ef þær verða fyrir ofbeldi. Allir voru sammála um þær breytingar sem þarf að gera til að laga ástandið.

1. Það þarf að búa til sérstök lög til að vernda fatlaðar konur fyrir ofbeldi.
2. Það er nauðsynlegt að passa það að fatlaðar konur geti fengið hjálp þegar þær verða fyrir ofbeldi. Það skiptir þær miklu máli.
3. Það þarf að breyta stuðnings-stöðunum þannig að fatlaðar konur geti fengið þar góða hjálp.
4. Það þarf meiri fræðslu um kynlíf fyrir fatlaðar konur. Sumar konurnar í rannsókninni vissu ekki að þær höfðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrr en löngu eftir að það gerðist"
5. Það þarf að láta fatlaðar konur fá meiri upplýsingar um hjálp sem þær geta fengið.
6. Það þarf að fræða þá sem styðja fatlaðar konur. Starfsfólk og aðstandendur þurfa líka að vita um ofbeldi sem fatlaðar konur geta orðið fyrir. Mikilvægt er að það séu fatlaðar konur sjálfar sem kenna aðstandendum og starfsfólki því þær hafa mesta þekkingu.
7. Það þarf að passa það að fötluðum konum sé trúað þegar þær segja frá ofbeldi. Það kom fram að það er oft ekki hlustað á þær og ekki tekið mark á því sem þær segja. Þess vegna eru margar fatlaðar konur sem reyna ekki að fá hjálp því þær trúa ekki á að þær fái hjálp.

# NOKKRIR MIKILVÆGIR PUNKTAR ÚR RANNSÓKNINNI

- Það voru ólík lög og reglur í löndunum. Í öllum löndunum nema á Íslandi voru lög sem eiga að passa að konur verði ekki fyrir ofbeldi og í öllum löndunum voru lög til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Það var samt ekkert land sem hafði sérstök lög sem passa að fatlaðar konur verði ekki fyrir ofbeldi.
- Fatlaðar konur verða oft fyrir ofbeldi. Ofbeldið er margs konar og gerist á mörgum stöðum og stundum varir það í langan tíma. Ofbeldið getur haft alvarleg áhrif á konur og látið þeim líða illa bæði andlega og líkamlega.
- Það var margt fólk sem beitti fötluðu konurnar ofbeldi og það gerðist oft á heimilum þeirra. Þeir sem beittu ofbeldinu voru oft einhverjir sem konurnar þekktu vel. Það voru oft makar og stundum aðrir úr fjölskyldunni.
- Sumar konur urðu fyrir ofbeldi frá starfsfólki eða einhverjum í fjölskyldunni sem var að aðstoða þær. Stundum urðu þær mjög einangraðar af því að sá sem aðstoðaði þær réð yfir þeim og skipti sér af því sem þær voru að gera.
- Þær konur sem bjuggu á stofnunum, í sambýlum eða í búsetu-kjörnum fyrir fatlað fólk fengu oft mjög litlu að ráða í eigin lífi. Það var starfsfólkið sem oftast réð yfir þeim. Þær urðu stundum fyrir miklu ofbeldi. Þær sögðu sjaldan frá ofbeldinu því þær voru hræddar um að vera ekki trúað.
- Konurnar fengu ekki þá hjálp sem þær þurftu að fá. Sértaklega var erfitt fyrir konur með þroskahömlun og blindar konur og heyrnarlausar að fá hjálp. Það var líka oft erfitt fyrir konur sem nota hjólastóla að fá hjálp vegna þess að þær komust ekki inn á stuðnings-staðina. Þessir staðir voru mest hugsaðir fyrir ófatlað fólk.



Samstarfsaðilar:

